Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. mars 1982.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

10. mars 1982. Nr. 87.

# AUGLÝSING

## um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Sauðárkróks.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 2. mars 1982 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sauðárkróks að því er varðar eftirfarandi:

Áður ráðgert útivistarsvæði á spildu sem markast af Sauðá að norðan og austan, Spítalavegi að sunnan og Sæmundarhlíð að norðan hefur verið breytt í svæði undir opinberar byggingar.

*Félagsmálaráðuneytið, 10. mars 1982.*

**F. h. r.**
**Hallgrímur Dalberg.**

***Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.***

12. mars 1982. Nr. 88.

# GJALDSKRÁ

## Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

**Löggildingargjöld.**

| | | |
|---|---|---|
| 1. Vogarlóð: | | |
| Þyngd 1—200 g | kr. | 3.00 |
| Þyngd ½ kg — 20 kg | — | 4.00 |
| Þyngd 50 kg | — | 9.00 |
| Þyngd 4—8 oz | — | 3.00 |
| Þyngd 1 lb — 7 lb | — | 3.00 |
| Þyngd 8 lb — 20 lb | — | 4.00 |
| 2. Metaskálar fyrir apótek og efnarannsóknarstofur: | | |
| Burðarþol: Allar stærðir | kr. | 20.00 |
| 3. Jafnarma vogir: | | |
| Burðarþol: Allar stærðir | kr. | 20.00 |
| 4. Tugavogir, hundraðsvogir og rennilóðsvogir: | | |
| Burðarþol 10— 100 kg | kr. | 20.00 |
| Burðarþol 101— 500 kg | — | 30.00 |
| Burðarþol 501— 2 000 kg | — | 45.00 |
| Burðarþol 2 001— 15 000 kg | — | 170.00 |
| Burðarþol 15 001— 30 000 kg | — | 180.00 |
| Burðarþol yfir 30 000 kg | — | 190.00 |

5. Vísavogir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Burðarþol | 1— | 5 kg | kr. 20.00 |
| Burðarþol | 6— | 25 kg | — 30.00 |
| Burðarþol | 26— | 100 kg | — 35.00 |
| Burðarþol | 101— | 500 kg | — 60.00 |
| Burðarþol | 501— | 1 000 kg | — 85.00 |
| Burðarþol | 1 001— | 5 000 kg | — 120.00 |
| Burðarþol | 5 001— | 15 000 kg | — 180.00 |
| Burðarþol | 15 000— | 30 000 kg | — 240.00 |
| Burðarþol | yfir | 30 000 kg | — 295.00 |

6. Rafmagnsvogir (tölvuvogir):

| | | | |
|---|---|---|---|
| Burðarþol | 1— | 10 kg | kr. 35.00 |
| Burðarþol | 11— | 25 kg | — 45.00 |
| Burðarþol | 26— | 100 kg | — 70.00 |
| Burðarþol | 101— | 500 kg | — 95.00 |
| Burðarþol | 501— | 1 000 kg | — 110.00 |
| Burðarþol | 1 001— | 5 000 kg | — 125.00 |
| Burðarþol | 5 001— | 15 000 kg | — 205.00 |
| Burðarþol | 15 001— | 30 000 kg | — 350.00 |
| Burðarþol | yfir | 30 000 kg | — 385.00 |

7. Kvarðar og málbönd:

| | |
|---|---|
| Lengd ½ m — 1 m | kr. 10.00 |
| Lengd stálmálbönd allt að 50 m | — 20.00 |
| Lengd mælivélar fyrir lengdarmál | — 25.00 |

8. Mæliker:

| | |
|---|---|
| Rúmtak 1 dl — 1 l | kr. 5.00 |
| Rúmtak 10 dl — 50 l | — 6.00 |
| Rúmtak vínmælar (veltim. og kúlum.) 3—6 cl | — 25.00 |

9. Rennslismælar fyrir olíur og bensín og bensínsölumælar:

| | |
|---|---|
| Rennslismælar | kr. 30.00 |
| Bensínsölumælar | — 20.00 |

10. Rennslismælar fyrir mjólk ..... kr. 30.00

2. gr.

Vottorðagjald ..... kr. 15.00

3. gr.

Auk löggildingargjalda reiknast kaupgjald fyrir starfsmenn Löggildingarstofunnar samkvæmt taxta hennar fyrir selda vinnu.

Brot úr klukkustund reiknast sem heil klukkustund.

Ef löggilding eða eftirlit fer ekki fram á Löggildingarstofunni, reiknast auk kaupgjalds, ferðakostnaður, iðgjald af vátryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

Gjaldskrá þessi er hér með sett samkv. 5. gr. tilskipunar nr. 1 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 460 30. júlí 1981.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. mars 1982.*

**Friðjón Þórðarson.**

*Hjalti Zóphóníasson.*